

Alþingi  
Erindi nr. P 132/16  
komudagur 9.11.2005



Samtök iðnaðarins  
Federation of Icelandic Industries

Nefndasvið Alþingis  
Umhverfisnefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
105 Reykjavík

Reykjavík, 7. nóvember 2005

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um úrvinnslugjald, nr. 162/2002, 179. mál.**

Samtök iðnaðarins styðja að þær breytingar, sem ofangreint frumvarp felur í sér, nái fram að ganga.

Frumvarpið fjallar um álagningu úrvinnslugjalds á umbúðir annars vegar og lækkun úrvinnslugjalds á hjólbarða hins vegar.

Fyrir ári, þegar núverandi reikniregla var sett í lög, lágu ekki fyrir þær upplýsingar sem nú er byggt á. Ekki fannst önnur betri leið á þeim tíma til að mæta þörfum innflytjenda þegar umbúðamagn í sendingum er óþekkt. Breytingar á reiknireglum, sem hér eru lagðar til, kveða á um mun nákvæmari aðferð en tilgreind er í núgildandi lögum. Reiknireglurnar byggjast á dönskum gagnagrunni og virðast endurspeglar íslenskan innflutning á gætlega. Mikilvægt er að hafa í huga að meginreglan er að innflytjandi gefi upp magn umbúða og reiknireglur eru viðbót og því er enginn bundinn af þeim gildum sem munu koma fram í reglugerð. Það er einnig kostur að nákvæmari reiknireglur gefa nákvæmari tölur um magn umbúða sem koma á markað og það skiptir máli þegar markmið um endurvinnslu og endurnotkun verða gerð upp.

Stór hluti umbúða fer til útflutnings og þær umbúðir falla því ekki til hér á landi. Samstaða er um að ekki skuli leggja úrvinnslugjald á umbúðir sem fara úr landi, enda er víða greitt samskonar gjald af þeim erlendis. Í núgildandi lögum er gert ráð fyrir að gjaldið sé lagt á og síðan endurgreitt. Með því að breyta þessu og gefa kost á að gjaldið sé fellt niður er sett fram einfaldara kerfi og komið í veg fyrir að gjaldið liggja falið í umbúðum á lager. Með þessu er þó lögð aukin vinna á herðar umbúðaframleiðendum og innflytjendum umbúða sem þurfa að halda utan um hversu mikið er selt á innanlandsmarkað og hversu mikið til útflutnings. Því er mikilvægt að vandað sé til reglugerðar um framkvæmdina og vinnuferlið verði slíkt að það falli vel að núverandi verklagi við kaup og sölu umbúða. Það er lykilatriði til að þessi þáttur heppnist.

Lækkun úrvinnslugjalds á hjólbarða kemur til vegna meiri innflutnings á hjólbörðum en áætlanir gerðu ráð fyrir. Forsendur fyrir áætlanir, sem ákvörðun gjalds á sínum tíma byggðist á, eru brostnar og því er eðlilegt að lækka gjaldið.

SAMTÖK IÐNAÐARINS

  
Bryndis Skúladóttir